



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 3. janúar 2017

Niðurstöður athugunar á stöðu regluvörslu hjá Kvikubanka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á stöðu regluvörslu hjá Kvikubanka hf. í september 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort staða regluvörslu væri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 2. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 5/2011 um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í desember 2016 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við stöðu regluvörslu hjá Kvikubanka hf. en setti fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið taldi að betur mætti fara.